

LÖG

um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „og 9. gr. a“ í 1. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna falla brott.

2. gr.

9. gr. a laganna fellur brott.

3. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í upphafi fiskveiðiárs 2006/2007 skal úthluta aflahlutdeild í þorski þeim fiskiskipum sem réttur skv. 9. gr. a er bundinn við þegar löggin taka gildi. Reiknigrunnur hvers úthlutunarréttar samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu skal vera hvort sem hærra reynist: aflamark sem úthlutun á grundvelli viðkomandi réttar gefur án tillits til aflamarksstöðu fiskiskips eða aflamark sem er meðaltal þess aflamarks sem úthlutað hefur verið á grundvelli viðkomandi réttar á fiskveiðiárunum 1999/2000–2005/2006, að báðum árum meðtöldum. Þó skal skerða reiknigrunn hvers úthlutunarréttar hlutfallslega þannig að heildarreiknigrunnurinn verði ekki hærri en meðaltal úthlutana fyrrgreindra fiskveiðiára að teknu tilliti til lækkunar leyfilegs heildar-
afla þorsks milli fiskveiðiáranna 1999/2000 og 2005/2006. Aflahlutdeild hvers fiskiskips skal síðan reiknuð út frá reiknigrunni sem hlutfall af úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2005/2006 í þorski. Að lokinni þessari úthlutun skal aflahlutdeild allra fiskiskipa í þorski endur-
reiknuð með hliðsjón af þeim breytingum sem af þessari úthlutun leiðir. Heimilt er ráðherra að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, þar á meðal um flutning réttar milli fiskiskipa.

Gjört á Bessastöðum, 12. júní 2006.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Einar K. Guðfinnsson.